


NÍELS HAFSTEIN SKRIFAR UM MYNDLIST

ÍSLENSK GRAFÍK



Konumynd frá 1922 eftir Leif Kaldal, unnin með laufléttu handbragði og tilfinningu fyrir viðfangsefninu.



Jóhannes S. Kjarval: Landslag, 1919. Hér hefur listamaðurinn notfært sér hliðarflöt krítarinnar þegar hann teiknaði á litografíusteininn. Ágæt myndbygging, fínlegar línur og loftkennd áferð gerir þetta verk sérstakt.

Þegar listamenn eru spurðir: „Hvað er grafík?", þá vefst þeim stundum tunga um tönn, vegna þess að eðli grafíklistarinnar er slíkt og aðferðir hennar svo margar, að jafnvel iðkendur hennar hafa varla haft spurnir af þeim öllum! „Grafík er ekki eftirprentun", segja menn, „Grafík er þrykk af sérstaklega útbúnum grunni: kopar, zinki, dúk, tréplötu, plasti, silki og steini". Síðan kemur langur listi með sérheitum: Þurrnál, mezzotinta, koparstunga, mjúkgrunnur, æting, tónæting, flatbytningur, dúkskurður, dúkæting, trérista, tréplötuþrykk, pappírselif, upphleyping, litografía, silkiþrykk, ljósrit, offsetprent, vatnslitaþrykk, monografía, o.s.frv. Með vaxandi tækni og visindaframförum þá er nú kleift að njóta aðstoðar tölvu við framleiðsluna. Rafmagn, sýrur, geislar og logsuðutæki eru sjálfsögð hjálpartæki, einnig ljósmyndavélin og hennar möguleikar. Til þess að rugla skoðendur enn meir þá blanda sumir listamenn saman aðferðum og verður þá að leita úrskurðar sérfræðinga ef deilur rísa!

Einföldustu grafíkstimplar eru gólfdúkur og kartöflur, og eru myndirnar þá skornar í sléttan flötinn, liturinn borinn á (með rúllu) og síðan þrykkt á tilfallandi efni: tau, pappír o.fl. Aðrar aðferðir eru mun flóknari, eins og t.d. litografía og silkiþrykk, tónæting og offsetprent, og ekki hægt í stuttu skrifi að lýsa þeim.

Nú ætti öllum að vera ljóst hvílík freisting er búin þeim manni sem leggur stund á grafík og hefur góða aðstöðu: möguleikarnir eru nánast ótæmandi. Hvernig bregst hann við þegar á hólminn er komið, notar hann tæknibrögðin til að undirstrika myndhugsun sína, eða verður handverkið það sem skærast skín?

Á sýningunni Íslensk Grafík á Klambratúni eru verk sem spanna 60 ára tímabil, hin elstu þeirra voru unnin við erfið skilyrði og lítinn skilning. Þegar þessi verk eru skoðuð og borin saman við yngri myndir þá er það undrunarefni hvílíkum árangri mennirnir náðu. Það er eins og aðstöðuleysið hafi lyft undir listina, það virðist sem tilfinningin gagnvart viðfangsefninu hafi verið meira virði en en yfirborðslegar kúnstir.

Tónlistarmenn ræða stundum vandamál listgreinar sinnar, hvernig flutningur tónverka hljómar í misjöfnum salarkynnum, hvernig þau verði best geymd á böndum, o.s.frv. Þeir hafa bent á sívaxandi tækniþróun í hljóðupptöku, þar sem kannski einleikur á fiðlu er spilaður í fjögurra-rása steríótækjum, allt mannlegt er afmáð, tónverkið er næstum því gerilsneytt. Og þeir hugsa með söknuði til fyrri ára þegar smáhnökrar eins og iskur og marr var óleystur vandi. Myndlistinni er svipað farið, tækniviðingin er smám saman að útrýma hinu frjálsa og lifræna í grafikinni. Menn hafa að vísu reynt að sporna á móti þróuninni, en gefist upp.

Þegar hinn viðkunni popplistarmaður, Richard Hamilton, hafði leitað á náðir sérfræðings í silkiþrykki, Christophers Prater í Kelpra Studio, og notið aðstoðar hans við framleiðslu sína, þá bauð hann Marlborough Fine Art safninu að kaupa af sér myndir. Tilboðinu var hafnað á þeirri forsendu að þetta væri ekki grafík, hér væri um að ræða venjulegt prentverk handverksmanna. Af svipuðum ástæðum neita margir grafíkmenn að viðurkenna ljósrit og offsetþrykk: „Þetta er ekki grafík", fullyrða þeir, „þetta eru eftirprentanir"! Fer nú að vandast málið, ekki satt?

Samfara aukinni tæknikunnáttu og notkun flóknari aðferða, þá verður sífellt auðveldara að skýla klaufaskap í grundavallaratriðum myndlistarinnar, menn velja sér auðveldar fyrirmyndir og taka á filmu, síðan fer afgangurinn í gegnum vélarnar. Auðvitað skiptir engu máli hvernig menn bera sig til við verkið ef árangurinn er góður, en þegar erfiði listamannsins og upphitun í hugljómunarvímu er fyrir bí og í staðinn komið staðlað fyrirkomulag, þá þarf meiri háttar meistara til að úr verði sæmilegur hlutur.


Hér mætti í löngu máli tíunda misfellur og kraftaverk þau sem skreyta sali myndlistarhússins á Klambratúni, en þar er sýnendum gert svo mishátt undir höfði að lítið yrði á því að byggja. Þó er rétt að minnast á það að einhver hreyfing er á myndhugsun listafólksins, fagurfræðilegar úrlausnir eru að þoka fyrir rökréttum útfærslum á nærtækum dæmum úr samtímanum. Verður fróðlegt að skoða næstu sýningu Grafíkfélagsins ef svo heldur áfram.

Þeir sem annars eiga verk á þeirri sýningu eru : Þorvaldur Skúlason, Jens Kristleifsson, Guðmundur Einarsson frá Miðdal, Þórður Hall, Helgi Þorgils Friðjónsson, Muggur, Nína Tryggvadóttir, Eirikur Smith, Björn Björnsson, Eggert Guðmundsson, Bragi Ásgeirsson, Veturliði Gunnarsson, Richard Valtingojer, Ingunn Eydal, Ólafur H. Gunnarsson, Gunnlaugur Scheving, Leifur Kaldal, Kristinn Pétursson, Anna Sigríður Björnsdóttir, Ásta Sigurðardóttir (utan skrár), Arthúr Ólafsson, Björg Þorsteinsdóttir, Jón Engilberts, Guðmundur Á. Sigurjónsson, Erró, Jón Þorleifsson, Reinhild Patzelt, Jón Reykdal, Jóhanna Bogadóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Snorri Sveinn Friðriksson, Lisa Guðmundsdóttir, Eggert Laxdal, Snorri Arinbjarnar, Jóhann Briem, Valgerður Bergsdóttir, Skúli Ólafsson, Jóhannes Kjarval, Barbara Árnason og Halldór Pétursson.

Á sýningunni vantar marga listamenn sem unnið hafa í grafík, m.a. Einar Hákonarson, Magnús Pálsson, Þorbjörgu Höskuldsdóttur, Arnar Herbertsson, Höskuld Björnsson og Magnús Kjartansson. Getur þessi sýning af þeim sökum ekki talist gefa nógu gott yfirlit á grafiklist íslendinga.




Þessi trérista Gunnlaugs Schevings er með mögnuðustu svartlistarmyndum hans: ferð mannsins á hestinum inn að miðju sviðsins er hlaðin dul og skuggum. Skurðtæknin er einföld og aðgreinir vel heildarformin.



Snorri Arinbjarnar: Hafnarstræti á Ísafirði. Ein af þeim dúkskurðarmyndum sem prýddu forsíður Alþýðublaðsins á árunum 1934-36. Hér er auðséð hvernig látlaus skurðtækni getur verið áhrifarík ef áherslurnar eru á réttum stöðum.



Jón Engilberts: Blóm. Þessi örlitla trérista lætur lítið yfir sér við fyrstu sýn, en látleysi hennar er fætt af alúð listamannsins og færni hans að skipa aðalatriðunum á sinn stað.



Guðmundur Thorsteinsson: trérista frá 1915. Þessi ágæta mynd er dæmigert sýnishorn af fínlegum og mjúkum vinnubrögðum snillingsins, þar sem línur, form og litir eru í fullkomnu samræmi.